



## Nokkrar athugasemdir við tillögur um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæði

**Inngangur:** Að beiðni umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar hef ég farið yfir þær tillögur sem settar eru fram í skýrslunni „Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Greinargerð um heildarendurskoðun – Tillaga – júlí 2014.“ Skýrslan er unnin af verkfræðistofunni Vatnaskil að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði (SSH) en yfirstjórn verksins var í höndum sérstaks stýrihóps en í honum áttu sæti fulltrúar sveitarfélagana.

Við lestur skýrslunnar sem er alls 173 bls, verður strax ljóst að um er að ræða vandað og þarft verk sem að sett er fram á greinargóðan og skipulegan hátt. Sérstaklega er þakkarvert hvað myndaskrá og efnisyfirlit er ítarlegt en einnig er að finna orðskýringar sem eru mikilvægar, þar sem að hér er um að ræða texta þar sem raunvísindum er beitt til þess að færa almennum lesendum upplýsingar sem hann þarf svo að nota til þess að mynda sér skoðun á efninu og afleiðingum þeirra ákvarðana sem að teknar eru á grundvelli skýrslunnar.

**Skipulagstillagan:** Skýrslan, sem nú (lok október 2014) er orðin að skipulagstillögu, inniheldur einnig „Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar.“ Þessari samþykkt er ætlað að leysa af hólmi samþykkt nr. 636/1997. Tillaga að nýrri samþykkt verður sem sagt hluti skipulagstillögunnar. Verði tillaga skýrslunnar í heild samþykkt þá verður ekki lengur sérstakt skipulag vatnsverndar heldur verður afmörkun vatnsverndar og samþykktin (eftirfylgni og dagleg umönnun) að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis ef marka má inngang skýrslunnar. Hvort þetta fyrirkomulag er líklegt til farsældar er umhugsunarefni fyrir sveitarstjórnarfólk.

**Markmið:** Markmið endurskoðunarinnar eru reifuð snemma í skýrslunni. Enginn ágreiningur er um að stefna skuli að verndun grunnvatns og landsvæða sem að eru nauðsynleg til þess að svo megi verða um langa framtíð. Hinsvegar villist inn í umræðuna undarleg setning, nefnilega; *...er haft að leiðarljósi að vernda til framtíðar aðgengi að hreinu grunnvatni sem ekki þarfnast sérstakrar meðhöndlunar qaqqvart neyslu....*tilv. lýkur. Þessi einkennilega einfalda setning kemur einnig fyrir í kafla 7.3 en hún er þar í 2. grein samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla. Ástæðan fyrir þessari setningu liggur fyrir og varðar Hafnarfjörð



# VATNSVEITA HAFNARFJARÐAR

alveg sérstaklega. Það er hinsvegar dálítið verk að setja sig inn í það mál. Til þess að þetta verði ljóst þarf að lesa eftirfarandi texta vandlega:

**Vatnsöflun Reykjavíkur:** Reykjavíkurborg hefur um langt skeið vanrækt að þróa og aðlaga vatnsöflun höfuðborgarinnar að byggða- og samgönguþróunn. Þá hefur Reykjavíkurborg beinlínis stefnt skipulagsfyrirætlunum sínum inn að áhrifasvæðum vatnsbólanna þriggja, Gvendarbrunna, Jaðars og Myllulækjar og aukið þar með þrýsting á þau. Skipulagsþarfir Kópavogs hafa líka haft þessi áhrif. Hvað snertir Reykjavíkurborg þá eru aðeins eftir Vatnsendakrikar sem sæmilega örugg vatnsból fyrir höfuðborgina. Þar er Kópavogur einnig með vatnsöflun fyrir Kópavog og Garðabæ.

**Hlákuáætlun Reykjavíkurborgar:** Um langt skeið hefur Reykjavíkurborg, að vetrarlagi, sett í gildi svokallaða „hlákuáætlun“ en hún er til komin vegna þess að við rigningu og miðsvetrarhlákur á vatnasviði Gvendarbrunna fer fjöldi jarðvegsbaktería í vatninu yfir ásættanleg mörk. Þetta eru reyndar ekki hættulegar bakteríur en tilvist þeirra sannar svo ekki verður um villst, að bein áhrif eru á vatnið frá yfirborði jarðar. Með öðrum orðum, þá eru þessi vatnsból Reykjavíkurborgar viðkvæm fyrir mengandi efnum á yfirborði. Þetta er sérstaklega bagalegt í leysingum og flóðum en þá er mest hætta á að yfirborðsvatn samlagist grunnvatni (krossmengun) og komist inn í vatnsbólin og mengi vatnið. Eftir því sem mannvist er meiri þeim mun meiri er mengunarhættan. Þess vegna hefur Reykjavíkurborg sótt um að fá að dæla öllu sínu vatni úr Vatnsendakrikum í Heiðmörk á meðan að hlákan varir, en það hefur aftur áhrif á vatnsöflun Hafnarfjarðar.

**Meðhöndlað drykkjavatn:** Í vatnsbólum Reykjavíkur, Gvendarbrunnum, Jaðri og Myllulæk, eru bundnir ótaldir milljarðar króna. Til þess að drepa bakteríur í vatninu úr þessum vatnsbólum eru til sáraeinfaldar og ódýrar tæknilegar lausnir og það er álit Vatnsveitu Hafnarfjarðar að í stað þess að dæla vatni óhóflega úr Vatnsendakrikum, -vatni sem að Hafnarfjörður hefur haft sjálfrennandi, þá geti Reykjavíkurborg einfaldlega meðhöndlað (hreinsað) sitt vatn og axlað þar með ábyrgð á sínum eigin skipulagsákvörðunum í stað þess að seilast í vatn sem að nágrennar þeirra hafa haft sjálfrennandi í tæplega heila öld og kappkostað að vernda.

Sjálfrennandi vatn fyrir 28.000 íbúa og iðnað í Hafnarfirði er í húfi en þessa hagsmuni þarf að vege, skoða og bera saman við einfaldan vatnshreinsibúnað í vatnsbólum Reykjavíkur.

Með því að þvæla þessu atriði inn í skipulagstillögu er verið að gjaldfella þá góðu vinnu sem að annars felst í skýrslunni og endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæði.

Aðalatriðið er auðvitað að fólk og iðnaður fái hreint og gerlafrítt vatn á viðráðanlegu verði og geti treyst því, í stað þess að gera “ómeðhöndlað drykkjavatn” að einhverju yfirmarkmiði sem yfirskyggi allt annað. Það er sannast sagna líka ef til vill dálítið varasamt að treysta því að vatn úr Gvendarbrunnum og Jaðri verði alltaf gerlafrítt að sumarlagi.

Created on 29/10/2014 18:52:00 Vatnsvernd - Heildarendurskoðun 2014



# VATNSVEITA HAFNARFJARÐAR

**Nýr markmiðskafli:** Tillaga um nýtt orðalag í kafla 1.1. Á höfuðborgarsvæðinu verði þess vandlega gætt að íbúar, iðnaður og þjónusta búi við heilnæmt vatn og hagkvæma neysluvatnsöflun. Þá verði markvisst stefnt að því að vatnsöflun verði án utanaðkomandi orku eins og frekast er mögulegt. Vatnsöflun verði eins sjálfbær og kostur er.

Fjárfestingar í vatnsbólum, aðveitum og miðlunarmannvirkjum á höfuðborgarsvæði verði nýttar áfram eins og mögulegt er og gerðar áætlanir um miðlun neysluvatns á milli sveitarfélaga ef hættuástand skapast. Verndun vatnsbóla og neysluvatnsauðlindarinnar verði sameiginlegt viðfangsefni og verndun hennar og nýting markviss. Stefnt verði að bættri nýtingu og meðferð neysluvatns innan höfuðborgarsvæðis ásamt aukinni samvinnu í rekstri vatnsveitna á höfuðborgarsvæði.

**Kafli 2. Forsendur:** Í kaflanum um lagaumhverfi er fjallað um nýleg lög um stjórn vatnamála (lög nr. 36/2011) en þar kemur ma. fram að lögnum sé beinlínis ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns.

**Til umhugsunar:** Það vekur óneitanlega athygli að í skýrslu þeirri sem hér er til umræðu og er nú skipulagstillga, er viðfangsefnið (vatnsöflun – en vatnsvernd er hluti hennar) etv. ekki skoðað nægjanlega heildstætt. Kostir samvinnu og verkaskiptingar á milli sveitarfélaganna eru ekki skoðaðir eða nefndir á nafn og nýting og meðferð vatnsins er ekki skoðuð heildstætt. Raunsæ framtíðarsýn er lítil sem engin og ráðstafanir og viðbrögð við hættum liggja á milli hluta.

Mikilvægt er að ástunda fullt samráð við vatnsveitur á svæðinu enda eru það þær sem að hafa lagt grunn að því að hægt er að takast á við þetta viðfangsefni á faglegan hátt. Í því samhengi nægir að minna á að Vatnsveita Reykjavíkur kostaði og byggði upp það reiknilíkan sem að Verkfræðistofan Vatnaskil notar nú til þess að leggja til ákvörðun á mörkum vatnsverndarsvæða og það reiknilíkan byggir á mælingum og rannsóknum á grunnvatni sem að gerðar voru mögulegar með borunum á rannsóknarborholum. Ólíklegt er að aðrir aðilar, svo sem heilbrigðiseftirlit eða sveitarfélög sem að ekki afla vatns sjálf, hefðu nokkur tíma ráðist í slíka grundvallarvinnu. Vatnsöflun, flutningur, miðlun og dreifing vatns er hlutverk og á ábyrgð vatnsveitna. Þann dag sem neysluvatn spillist þá verður það vandamál og úrlausnarefni viðkomandi vatnsveitu – fyrst og fremst. Það er því óeðlilegt að samráð skyldi ekki haft við vatnsveitur í aðdraganda skýrslugerðarinnar.

Created on 29/10/2014 18:52:00 Vatnsvernd - Heildarendurskoðun 2014